

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Kennsluáætlun</b> <b>Námsgrein:</b> Íslenska	Kennari/ar:
--	-------------

<b>Markmið</b>	
Að nemendur:	
<ul style="list-style-type: none"><li>• geti tjáð sig á góðri íslensku</li><li>• kynnist íslenskri menningu og bókmenntum</li><li>• geti komið fram fyrir áhorfendur</li><li>• hlusti og horfi á aðra koma fram</li><li>• þjálfist í að lesa sér til gagns og skilnings, og í sumum tilfellum skemmtunar, fjölbreytta texta</li><li>• öðlist þjálfun í fjölbreyttri ritun með blað og blýant eða tæknina að vopni</li><li>• þjálfist í undirstöðuþáttum íslenskrar málfræði</li><li>• þjálfist í að leika sér með tungumálið</li><li>• læri aðferðir til að leysa úr viðfangsefnum námsins</li><li>• leiti upplýsinga.</li></ul>	
<b>Viðfangsefni</b>	
<ul style="list-style-type: none"><li>• Talað mál, hlustun og áhorf</li><li>• Lestur og bókmenntir</li><li>• Ritun og stafsetning</li><li>• Málfræði</li><li>• Upplýsingaöflun</li></ul>	
<b>Námsgögn</b>	
Valdir kaflar úr námsefninu Vandamálið-minnsta málið, lesbók og verkefni. Hlutar úr námsefninu Orðspor 3. Æsir á fljúgandi ferð-hefnd Loka. Egils saga Skallagrímssonar léttlestrarbók. Kjörbækur. Kaflar, greinar, ljóð, smásögur, spil, leikir, námsforrit, myndbönd o.fl. eftir viðfangsefnum. Handbækur, s.s. orðabækur og annað stuðningsefni.	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

### Kennsluaðferðir

Unnið er að viðfangsefnum í kjarna samkvæmt vikuáætlun og sjá nemendur þá um tímaskipulag. Í bekkjartímum eru verkefni oftast unnin einstaklingslega, en stundum í para- eða hópavinnu.

Unnið er með lesefni og málfræði jafnt og þétt yfir árið. Skáldsögur og aðrar bækur eru lesnar eftir áætlun og verkefni eru margskonar og reyna á alla þætti íslenskunnar. Dæmi um verkefni eru lesskilningsverkefni, ritgerðir, skapandi skrif, eyðufyllingaverkefni, verkefnapakkar og fleira. Framkvæmd og skilum sumra verkefna stjórnar nemendur sjálfir. Skil eru fjölbreytt, s.s. ritun, framsögn, hlaðvörp o.fl. Nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni og vinna ýmis verkefni tengd henni.

Sum verkefni eru samþætt við aðrar námsgreinar, t.d. náttúru- og samfélagsfræði.

Áætlanir verkefna eru á Google classroom og eru ýmist unnin þar inni eða í bókum/blöðum.

### Námsmat

Þekking, hæfni og leikni nemenda eru könnuð reglulega. Nemendur skila verkefnum við lok hvers viðfangsefnis, t.d. þegar lestri bókar eða viðfangsefni í málfræði er lokið. Verkefni eru í formi prófa, ýmiskonar ritana og annarra skriflegra eða munnlegra verkefna. Nemendur hafa oft tækifæri til að eiga samtal við kennara um framgang verkefna og bæta þau ef þörf er á. Bæði skilaverkefni og önnur vinna nemenda eru metin og birtist matið á mentor.

Námsmat er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árnesþings. Nemendur fá tækifæri til að reyna við hvert viðmið oft en einu sinni, sum eru alltaf í vinnslu. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-hæfni náð-framúrskarandi.

Nemendur fá samantekna einkunn fyrir sum verkefni, ýmist á kvarðanum D-A, L/Ó eða 0-10.

Lokaeinkunn er gefin á kvarðanum D-C-C+-B-B+-A.

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Kennsluáætlun</b> Námshæfni: Stærðfræði	Kennari/ar:
---	-------------

<b>Markmið</b>	
Námsmarkmið nemenda í stærðfræði 7. bekkjar er að:	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlast alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.</li> <li>• hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.</li> <li>• öðlist hæfni í að nota tungumál stærðfræðinnar til að ræða um, færa rök fyrir og útskýra eigin tilgátur og annarra, útreikninga og niðurstöður.</li> <li>• öðlist hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni.</li> </ul>	
<b>Viðfangsefni</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tölur</li> <li>• Tölfræði og líkur</li> <li>• Margföldun og deiling</li> <li>• Rúmfræði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mælingar</li> <li>• Almenn brot</li> <li>• Prósentur</li> <li>• Reikningur</li> <li>• Mynstur og Algebra</li> </ul>
<b>Námshæfni</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stika 3a</li> <li>• Stika 3b</li> </ul>	
<b>Kennsluaðferðir</b>	
<p>Í upphafi hverrar viku fær hver nemandi vikuáætlun, nemendur fá sex kennslustundir til að klára þá áætlun. Þessum sex kennslustundum er skipt í þrjú hluta. Tvær kennslustundir fara fram í kjarnatíma, þar sem nemendur sjá sjálfir um tímaskipulag. Hinar fjórar kennslustundirnar eru bekkjartímar þar sem kennari er með innlögn, eða fer yfir vandamál sem upp koma við vinnu á vikuáætlun. Nemendur vinna 2-3 saman í tímum.</p>	
<b>Námsmat</b>	
Símat, stöðumat og leiðsagnarmat	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

Þekking og hæfni nemenda eru könnuð reglulega. Nemendur vinna heimaverkefni og skila til kennara í tengslum við hvern kafla fyrir sig. Í lok hvers kafla þreyja nemendur svo kaflapróf.

Námsmat er samkvæmt:

hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árneshöfna. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-hæfni náð-framúrskarandi.

matsviðmiðum aðalnámskrár í stærðfræði fyrir 5.-7. bekk.

Nemendur fá umsögn um sum verkefni, en í lok skólaárs fá þau einkunn á kvarðanum A-D.

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Kennsluáætlun</b> Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði	Kennari/ar:
---	-------------

<b>Markmið</b>	
Markmið kennslunnar er að nemendur verði betur meðvituð um sjálf sig og stöðu sína í heiminum, svo og sögu og menningu í alþjóðlegu samhengi, til að þeir geti sem best uppfyllt þau hæfniviðmið sem Aðalnámskrá setur fram.	
<b>Viðfangsefni</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnast heimsálfunni Evrópu, landslagi, menningu og fleiru tengdu henni.</li> <li>• Kynnast sögulegum atburðum</li> <li>• Samtíða menning</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með sjálfbærni og loftslagsmál</li> <li>• Þemaverkefni tengt sjálfbærni</li> <li>• Sjálfsmynd og sjálfstæði</li> </ul>
<b>Námsgögn</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notast verður við lesbókin Evrópa og vinnubókina Evrópa.</li> <li>• Loftslag – Landfræði</li> <li>• Náttúruöflin - Landfræði</li> <li>• Kortabók</li> <li>• Fólki á flóttu</li> <li>• Einnig munu nemendur afla sér upplýsingar á veraldarvef sem og á bókasafni skólans.</li> </ul>	
<b>Kennsluáferðir</b>	
<p>Tímar fara fram í kjarna og því skipuleggja nemendur sjálfir hvaða kjarnatíma þeir vinna í samfélagsfræði</p> <p>Teknir verða sér innlangartímar öðru hverju.</p> <p>Unnið verður í hópum sem og einstaklingsverkefni unnin.</p>	
<b>Námsmat</b>	
Verkefni, Verkefnabækur sem og umræður verða metin með bókstöfunum A-D	

# Bekkjarnámskrá- 7. bekkur



<b>Kennsluáætlun</b> <b>Námsgrein:</b> Náttúrufræði	Kennari/ar:
--	-------------

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

Markmið	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að auka þekkingu, leikni og hæfni nemenda í náttúrgreinum. Til náttúrugreina teljast m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.</li> <li>• Að stuðla að virðingu, ábyrgð og upplifun á náttúru og umhverfi.</li> <li>• Að gera nemendur í stakk búna til þess að taka virkan þátt í samfélaginu, bæði umræðu og aðgerðum er varða t.d. náttúru, umhverfi, samfélag, tækni og vísindi.</li> <li>• Að nemendur þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun við mat á upplýsingum.</li> <li>• Að nemendur þjálfist í vísindalæs, geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri.</li> </ul>	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimur eðlis-og efnafræðinnar</li> <li>• Tilraunir, kunna að lesa til um, framkvæma og gera skýrslu um tilraunirnar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nærumhverfið og umhverfisvernd.</li> <li>• Málefni líðandi stundar sem tengjast náttúrugreinum.</li> </ul>
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auðvitað – Heimilið.</li> <li>• Náttúrulega 2.</li> <li>• Efnisheimurinn.</li> <li>• Vísindavefur Háskóla Íslands.</li> <li>• Fræðibækur af bókasafni og veraldarvefurinn.</li> <li>• Annað efni frá kennara.</li> <li>• Google classroom.</li> </ul>	
Kennsluaðferðir	
<p>Náttúrgreinar eru kenndar í ca. 120 mínútur á viku. Hluti af kennslunni fer fram í kjarna þar sem efsta stigið vinnur að verkefnum þvert á námsgreinar og bekki.</p> <p>Áhersla er á fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir t.d. lestur/hlustun, verklegar athuganir, umræður, fyrirlestrar, verkefnavinna ýmist einstaklings eða hópvinna með úrvinnslu sem bíður upp á skapandi afurðir, vefleiðangrar, samvinnunám, útinám og leikir.</p>	
Námsmat	
<p>Námsmat fer fram jafnt og þétt allan veturinn þar sem verkefni og vinna nemenda gefa smátt og smátt upplýsingar um hæfni nemandans. Leitast er við að námsmatið sé uppbyggjandi og til leiðsagnar fyrir nemandann og gefi tækifæri til frekari framfara. Farnar eru fjölbreyttar leiðir í námsmatinu t.d. eru einstaklings-</p>	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur



og hópverkefni metin, kannanir lagðar fyrir ýmist munnlegar eða skriflegar, sjálfsmat og jafningjamat. Á bak við öll verkefni sem nemandinn fæst við yfir veturinn liggja eitt eða fleiri af hæfniviðmiðum fyrir 5.-7.bekk í náttúrugreinum til grundvallar og þannig verður að lokum til heildareinkunn sem gefin er í bókstöfum. Allt námsmat er skráð inn á Mentor.

**Kennsluáætlun**  
**Námsgrein:** Danska

Kennari: Maríanna Jónsdóttir



## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

### Markmið

Tilgangur með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnátta í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik. Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi.

Aðalnámskrá grunnskóla. 2013.

Að Nemandi:

- skilji og geti nýtt sér talað mál í aðstæðum sem hann þekkir
- tileinki sér orðaforða til að geta lesið sér til gagns ýmsa texta
- geti tjáð sig um málefni sem hann þekkir
- geti skrifað stuttan texta um málefni sem hann þekkir
- þekki til menningar og mannlífs á Norðurlöndunum

### Viðfangsefni

- |   |   |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Tölurnar</li><li>• Orðaforði tengdur dýrum, mat, skólanum, samfélögum, tilfinningum, áhugamálum og fyrirmyndum.</li><li>•</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Einfalt talmál</li><li>• hlustun og skrifleg verkefni.</li><li>• Setningaskipan og mjög einföld málfræði.</li></ul> |
|---|---|

### Námsgögn

- Valið efni úr Start
- Smart og Smil vinnubókum
- Efni af neti og frá kennara
- Myndin Ternet Ninja og verkefni úr henni.
- Google Classroom.

### Kennsluaðferðir

- Hlustun
- Lestur
- Ritun

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

- Verkefnavinna
- Tjáning
- Samvinna, hópa- og paravinna og einstaklingsverkefni
- Spil og leikir.

### Námsmat

#### Símat, stöðumat og leiðsagnarmat

Þekking, hæfni og leikni nemenda eru könnuð reglulega. Lögð verður áhersla á leiðsagnarmat og virkni í tímum/verkefnum.

Námsmat er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár, aðlöguðum af Skólaskrifstofu Árneshóla. Nemendur fá tækifæri til að reyna við hvert viðmið oft en einu sinni, sum eru alltaf í vinnslu. Viðmið eru metin samkvæmt kvarðanum: Hæfni ekki náð-þarfnast þjálfunar-hæfni náð-framúrskarandi. Nemendur fá samantekna einkunn fyrir sum verkefni á kvarðanum D-A.

Einfalt munnlegt próf í lok annar

**Kennsluáætlun**

**Námshæfni:** Enska

Kennari: Árni Geir Hilmarsson

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

Markmið	
<p>Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á ólíkum lífskjörum og tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum.</p>	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhugamál</li> <li>• Lífsleiknitengd viðfangsefni</li> <li>• Lestur</li> <li>• Hlustun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ritun</li> <li>• Málnotkun</li> <li>• Tal</li> <li>• Tjáning</li> </ul>
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Action</li> <li>• Rafrænar orðabækur</li> <li>• Myndefni af netflix</li> <li>• Spil</li> </ul>	
Kennsluaðferðir	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útlistunarkennsla</li> <li>• Hópvinnubrögð og námsleikir</li> <li>• Umræðu og spurnaraðferðir</li> <li>• Þemaverkefni</li> </ul>	
Námsmat	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Lokamat</li> </ul>	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur



<b>Kennsluáætlun</b> <b>Námsgrein:</b> Heimilisfræði	Kennari: Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
---	---------------------------------

<b>Markmið</b>	
Markmiðið er að nemendur geti skipulagt fjölbreyttar og vel samsettar máltíðir með áherslu á hagkvæmni og nýtni. geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld. Auk þess að geta sagt frá íslenskri matarmenningu og matreitt ýmsa íslenska réttir.	
<b>Viðfangsefni</b>	
Nemendur fræðast um íslenskar hefðir í matargerð og matreiða íslenska þjóðarrétti. Lagt er upp með að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum sem og geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Námsgögn</b>	
Nemendur notast við efni frá kennara sem og upplýsingar á netinu og bókum. Auk þess fá nemendur fræðslu í Rjómabúinu á Baugstöðum og vinna verkeni því tengdu.	
<b>Kennsluáferðir</b>	
Kennslan byggir á verklegri kennslu og sýnikennslu, ásamt bóklegri kennslu. Mikið er lagt upp úr umræðum nemenda um námsefnið og hópvinnu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti unnið sjálfstætt og vinni með gleði og jákvæðu hugarfari.	
<b>Námsmat</b>	
Leiðsagnarmat fer fram jafnóðum. Við námsmat er tekið tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tímum, umgengni um stofuna og frágang.	

<b>Kennsluáætlun</b> Námshættur: Myndmennt	Kennari: Sigríður Oddný Stefánsdóttir
---	---------------------------------------

<b>Markmið</b>
Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og ölast reynslu sem ekki verður færð í orð. Að nemendur öðlist tækifæri á að læra og tjá sig án orða. Að efla frumkvæði þeirra og þroska gagnrýna og skapandi hugsun. Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt, sjá ný mynstur og hugsa í lausnum og þroska persónulega tjáningu og smekk.
<ul style="list-style-type: none"><li>• Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.</li><li>• Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.</li><li>• Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.</li><li>• Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li><li>• Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li><li>• Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li><li>• Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li></ul>

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Viðfangsefni</b>	
<p>Myndmennt og heimilisfræði vinnur út frá sama efni en á ólíkan hátt. Í upphafi förum við saman í ferð. Staðurinn er ákveðinn með því markmiði að nemendur fái hugmyndir að breyttum búskaparháttum fyrir framtíðina og geri sér grein fyrir vistkerfi, þróun, umhverfisfræðslu, framleiðslu og fagurfræði vörunnar. Staðarval getur líka falið í sér forna búskaparhætti og eru alltaf í nágrenni við okkar sveit. Í myndmennt þurfa nemendur að mæta í ferðina með myndavél og mynda af krafti. Myndirnar verða síðan notaðar við fjölbreyttar útfærslur í myndmenntatímunum. Lögð er áhersla góðan vinnuanda í kennslustofu, góða umgengni og frágang.</p>	
<b>Námsgögn</b>	
<ul style="list-style-type: none"><li>• Náms efni frá Menntamálastofnun</li><li>• Efni af interneti</li><li>• Ýmsar námsbækur í aðferðafræði</li><li>• Leirmótun</li><li>• Listasaga</li></ul>	
<b>Kennsluáferðir</b>	
<ul style="list-style-type: none"><li>• Einstaklingskennsla</li><li>• Sýnikennsla</li><li>• Bein kennsla</li></ul>	
<b>Námsmat</b>	
<ul style="list-style-type: none"><li>• Símat, framvinda skráð inn á Mentor</li><li>• Leiðsagnarmat</li></ul>	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur



<b>Kennsluáætlun</b> Námsgrein: Hönnun og smíði	Kennari: Ragnar Gestsson
--	--------------------------

<b>Markmið</b>	
<p>Að nemendur:</p> <p>I 7.-10. bekk er að fullslípa það sem áður var aflað. Hér er æskilegt að grunnur hafi verið lagður að handverkskunnáttu og nokkurri færni náð í aðferðum og starfsháttum á smíðastofu, að ógleymdri meðferð verkfæra og meðhöndlun efniviðar.</p> <p>Hér er ríkari áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hönnun, og hagnýta framkvæmd hugtaka eins og nýting og endurnýting, sjálfbærni, ...</p> <p>-Ætlast er til að nemendur beiti skissuvinnu frá 3 sjónarhornum, áætli efnismagn og verð hlutar.</p> <p>Enn gildir meðal almennra markmiða að halda föstum áður fengnum þáttum um flokkun sorps og öðrum reglna um ábyrga umgengni innan smíðastofu</p>	
<b>Viðfangsefni</b>	
Verkefnið er hópverkefni með 3-4 í hóp. Hanna skal eldflaug sem getur farið sem hæst, knúin því afli sem fæst við blöndun ákv. efna. Eins og í fyrra er verkefnið í samvinnu við Maríönnu náttúrufræðikennara og byggir á leit upplýsinga og því hvernig þær hugmyndir eru settar í framkvæmd. Þegar	

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<p>fundin er leið til að koma farartækinu á loft, er það komið í samkeppni við aðra hópa um hæð skeytisins, útlit og frumleika (30:30:40). Verðlaun háð samkomulagi.</p>	
<p><b>Námsgögn</b></p>	
<p>Hér er nemendum í sjálfsvald sett hvar fanga er leitað. Mælt með netsíðum eins og Instructables eða Pinterest og hinum „ótæmandi“ sjóði YouTube. Nemendur eru hvattir að leita ráða hjá ýmsum kennurum eða forráðaaðilum.</p>	
<p><b>Kennsluaðferðir</b></p>	
<p>Sameiginleg innlögð í upphafi þegar það á við, persónulegur stuðningur eftir þörfum.</p>	
<p><b>Námsmat</b></p>	
<p><b>Leiðsagnarmat</b>, óformlegt jafningjamat en frammistöðumat í lok  <b>Frammistöðumat</b> í hverjum tíma á grundvelli verklegrar frammistöðu, hegðunar og umgengni/frágangs.</p>	

<p><b>Kennsluáætlun</b>  <b>Námsgrein:</b> Textílmenn</p>	<p>Kennari: Snædís Mjöll Kristjánsdóttir</p>
---	--

<p><b>Markmið</b></p>	
<p>Að nemendur:</p>	
<p><b>Viðfangsefni</b></p>	
<p></p>	
<p><b>Námsgögn</b></p>	
<p></p>	



## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Kennsluaðferðir</b>
<b>Námsmat</b>

<b>Kennsluáætlun</b> <b>Námsgrein:</b> Skólaíþróttir	Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal
---	-----------------------------

<b>Markmið</b>	
<p>Skólaíþróttir gegna mikilvægu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með kennslu íþróttagreina nást mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira, bætt líkams-ástand og aukið sjálfstraust. Með skólaíþróttum getum við því stuðlað að heilbrigðum lífstílog kennt nemendum að nota fjölbreytta æfingar til gagns og gamans.</p>	
<b>Viðfangsefni</b>	
Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.	Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur

<b>Námsgögn</b>
Íþróttááhöld sem eiga við hverju sinni.
<b>Kennsluáðferðir</b>
Kennslan byggist upp á ýmsum leikjum. Boltaleikjum, stöðvahringjum, teygjum og slökun. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og er mikil áhersla lögð á nám í gegnum leik. Áhersla er einnig lögð á jákvæðan aga, virkni og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
<b>Námsmat</b>
Námsmat er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni.

<b>Kennsluáætlun</b> Námsgrein: Sund	Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal
---	-----------------------------

<b>Markmið</b>	
Öðlist öryggi og vellíðan í vatni, þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hluti í kafi. Skriðsund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund fótatak, skólábaksund fótatak. Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalda. Nemendur eflist í félagsfærni, sýni öðrum umburðarlyndi og hafi jákvæð samskipti í lauginni.	
<b>Viðfangsefni</b>	
Í sundtímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi sundferðum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.	Áhersla er lögð á að nemendur fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun og geti notað sunnið sem heilsurækt. Nemendur læra rétta sundtækni sem og að geta bjargað sér og öðrum.

## Bekkjarnámskrá- 7. bekkur



<b>Námsgögn</b>	
Íþróttaáhöld (flár, froskalappir, núðlur o.fl.) sem eiga við hverju sinni.	
<b>Kennsluaðferðir</b>	
Stefnt er að því að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir: Einstaklingssund, paravinna, hópavinna, sundbolti, frjálst, leikir, stöðvar, núðlusund og nýta tæknina til kennslu.	
<b>Námsmat</b>	
Námsmat er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni.	